

SIGURÐUR H. PÉTURSSON

MINNINGARORÐ

Sigurður Pétursson gerlafræðingur lést í Reykjavík þann 15. desember 1994 á áttugasta og áttunda aldursári.

Sigurður lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1929 og stundaði síðan nám við háskóla í Kiel, Leipzig og Kaupmannahöfn. Hann lauk dr.phil.-prófi í tæknilegri gerlafræði frá háskólanum í Kiel árið 1935.

Sigurður var einn af frumherjum í örverurannsóknum hér á landi. Hann hóf störf sem eftirlitsmaður með mjólk hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík 1935 og starfaði þar í tíu ár. Frá árinu 1937 starfaði hann við gerlarannsóknir hjá Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans. Gerlarannsóknastofa Iðnaðardeildar var síðar sameinuð rannsóknastofu Fiskifélags Íslands sem síðar varð Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Sigurður var deildarstjóri gerladeildar frá 1960 til 1976 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Rannsóknir hans í þágu fiskiðnaðarins beindust að einkum að skemmdum af völdum örvera í söltuðum sjávarafurðum, s.s. saltfiski og grásleppuhrognum.

Sigurður Pétursson átti sæti í stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags árin 1946–1955 og var formaður félagsins 1951–1955. Er Sigurður lét af formennsku tók hann við ritstjórn Náttúrufræðingsins og gegndi því starfi í 10 ár, 1956–1965. Aðeins Árni Friðriksson hefur ritstýrt Náttúrufræðingnum lengur, eða í 11 ár.

Á því 20 ára tímabili sem Hið íslenska náttúrufræðifélag naut krafta Sigurðar urðu miklar breytingar á högum félagsins og einnig á útgáfu Náttúrufræðingsins. Árið 1947 var náttúrugripasafn félagsins afhent



íslenska ríkinu og gert að ríkisstofnun. Þar með lauk hinu upprunalega aðalhlutverki félagsins. Sem fyrr var það megintilgangur félagsins að fræða íslenska alþýðu um náttúrufræði og var útgáfa Náttúrufræðingsins stærsti þátturinn í þeirri starfsemi. Í formannstíð Sigurðar, var Náttúrufræðingurinn gerður að félagsriti Hins íslenska náttúrufræðifélags og blaðið stækkað úr 12 örkum í 14 á ári.

Hið íslenska náttúrufræðifélag hafði keypt Náttúrufræðinginn árið 1941. Fyrstu árin á eftir voru ritstjóraskipti tíð en því skeiði í sögu tímaritsins lauk er Sigurður settist á ritstjórastól. Hann kom á laggirnar fyrstu ritnefndinni og þar með komst útgáfan í núverandi horf. Í ritstjórnartíð Sigurðar var alþýðleg fræðsla höfð í hávegum og sést það glögg þegar flett er heftum frá þessum tíma.

Auk annarra starfa fyrir félagið tók Sigurður saman höfunda- og efnisskrá yfir 1.–25. árgang Náttúrufræðingsins. Hann skrifaði yfir 60 pistla og greinar í Náttúrufræðinginn auk fjölda greina í Frey, Ægi og Tímarit Verkfræðingafélags Íslands en ritstjóri þess var hann 1946–1949. Eftir Sigurð liggja einnig nokkrar bækur, m.a. um mjólkurfræði og gerlafræði svo og fyrsta íslenska kennslubókin í líffræði fyrir framhaldsskóla. Var hún notuð til kennslu í mörg ár og er merkt brautryðjandaverk.

Sigurður Pétursson var kjörinn heiðursfélagi í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi 16. febrúar 1985. Með honum er genginn einn hinna ötulustu félagsmanna frá upphafi. Útför Sigurðar var gerð frá Garðakirkju þann 29. desember 1994.

Sigmundur Einarsson